

**From:** Þór Saari  
**To:** Guðbjartur Hannesson  
**Cc:** Fjárlaganefnd; Ásta R. Jóhannesdóttir  
**Subject:** Eignasafn Landsbankans - ICESAVE  
**Date:** 6. júlí 2009 18:54:50

---

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/672*  
*komudagur 6.7.2009*

Sæll Guðbjartur.

Hér með er óskað eftir því að Fjárlaganefnd Alþingis krefjist þess að s.k. bankaleynd á upplýsingum sem snúa að eignasafni Landsbanka Íslands verði aflétt og að undirliggjandi gögn verði gerð aðgengileg Alþingismönnum. Fyrirhugað er að veita stærstu ríkisábyrgð Íslandssögunnar vegna s.k. ICESAVE reikninga LÍ, ábyrgð sem hugsanlega skuldbindur ríkissjóð um yfir 700 milljarða króna ef eignir LÍ sem koma eiga á móti falla mjög í verði. Samkvæmt skilanevnd LÍ á fundi Fjárlaganefndar í morgun munu þeir ekki framvísa þessum upplýsingum vegna s.k. bankaleyndar. Því hlýtur það að vera skýlaus krafa þingsins alls, og þá ekki síst fjárlaganefndar, að þessari bankaleynd verði aflétt þannig að nefndin og þingið geti með eðlilegum hætti tekið ákvörðun í þessu máli.

Með bestu kveðju,  
Þór Saari